

Tilkynning til embættis sérstaks saksóknara um meint brot á ákvæði 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og möguleg brot á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, og almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Fjármálaeftirlitið vísaði þann 15. júlí 2009 til embættis sérstaks saksóknara, sbr. 1. gr. laga nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara, tveimur málum vegna meintra brota á 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og mögulegum brotum á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, og almennum hegningarlögum nr. 19/1940 vegna gruns um refsiverða háttsemi stjórnenda fjármálafyrirtækis. Um var að ræða lánveitingar til viðskiptamanna fjármálafyrirtækisins til fjárfestinga í afleiðusamningum tengdum skuldatryggingaálagi fjármálafyrirtækis, á ensku Credit Linked Notes. Um verulegar fjárhæðir var að ræða í fyrrgreindum lánveitingum og áttu þær sér stað skömmu fyrir setningu svonefndra neyðarlaga í október 2008. Fjármálaeftirlitið telur að fyrrnefndar lánveitingar hafi valdið fjármálafyrirtækinu verulegu tjóni og hafi ekki verið í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Þá kann að vera um að ræða brot á lögum um hlutafélög og almennum hegningarlögum.

19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki fjallar um góða viðskiptahætti og að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.

Með vísan til nefndra lagaákvæða og atvika málsins ákvað Fjármálaeftirlitið að vísa bæri málinu til sérstaks saksóknara.